

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 167/1951. **Oddný Sen** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóni Dúasyni (Ólafur Þorgrímsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1951 til þingfestingar í janúarmánuði 1952. Í áfrýjunarstefnu kvaðst aðaláfrýjandi mundu gera þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, yrði lækkuð, hvorum aðilja yrði dæmt að bera sinn kostnað af sökinni í héraði, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 16. nóvember 1951 til þingfestingar í desembermánuði s. á. Lýsti gagnáfrýjandi því í áfrýjunarstefnu sinni, að hann mundi fyrir Hæstarétti krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti voru áfrýjunarmál þessi sameinuð, sbr. 40. gr. laga nr. 112/1935. Málinu var síðan frestað hvað eftir annað samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti hinn 27. marz 1953, það aðaláfrýjandi enn um frest í málinu, en gagnáfrýjandi andmælti frekari frestun þess. Þá höfðu Hæstarétti hvorki borizt dómsgerðir héraðs-dóms né ágrip dómsgerða frá aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi hafði hinn 4. febrúar 1952 sent dómnum dómsgerðir í héraði svo og héraðsdóm og áfrýjunarstefnur í sérstöku ágripi.

Hér fyrir dómi krafðist aðaláfrýjandi þess aðallega, að honum yrði veittur hæfilegur frestur til þess að gera ágrip dómsgerða. Til vara krafðist hann sýknu í aðalsök og frá-vísunar gagnsakar. Loks krafðist aðaláfrýjandi málskostn-aðar úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að synjað verði um frekari frest í málinu.
2. Að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti.
3. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.
4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi eru efni til þess að veita aðaláfrýjanda gegn andmælum gagnáfrýjanda frekari frest en hann þegar hefur haft til ágripsgerðar. Ber því að synja aðaláfrýjanda um frest þann, sem hann hefur krafizt, og vísa aðalsök frá Hæstarétti samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda.

Eftir frávísun aðalsakar af framangreindum ástæðum getur aðaláfrýjandi ekki áfrýjað héraðsdómi af nýju, þó að efnisdómur sé eigi lagður á gagnsök í Hæstarétti. Af þessu leiðir, að það skiptir gagnáfrýjanda ekki máli að lögum, að krafa hans um staðfestingu héraðsdóms sé tekin til úrlausnar. Verður gagnsök því sjálfkrafa og þar með málinu í heild vísað frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir hvor aðilja eiga að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Dúason dr. juris, Þingholtsstræti 28, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. des. 1950 gegn Oddnýju Sen, Miklubraut 40, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. des. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði lögald, er hann lét leggja á fasteign stefndu að Miklubraut 40 þann 5. des. 1950 til tryggingar kröfum þessum.

Stefnda hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að því er stefnandi skýrir frá, að frá því seint á árinu 1946 og fram til 29. des. 1947 hafi hann lánað stefndu fé, samtals kr. 164.000.00. Hafi lán þetta verið innt af hendi með allmörgum greiðslum. Fé þessu muni stefnda hafa varið til kaupa hluta húseignarinnar nr. 40 við Miklubraut hér í bænum. Af fé þessu hafi stefnda aðeins endurgreitt kr. 10.000.00, þannig að eftir standi kr. 154.000.00, er hann

nú krefur stefndu um. Auk þessa kveðst stefnandi hafa afhent stefndu eða syni hennar, Jóni Sen, samtals kr. 191.438.00, sem ekki koma til álita í þessu máli.

Kröfur sínar byggir stefnda á því, að hún hafi ekki fengið svo mikið fé léð hjá stefnanda, sem hann hefur talið. Þá hefur stefnda talið sig eiga fé hjá stefnanda vegna vinnu í hans þágu, er koma eigi til frádráttar kröfum hans. Hefur stefnda í því sambandi áskilið sér rétt til að höfða mál gegn stefnanda til heimtu þessa fjár að svo miklu leyti, sem ekki verður um það dæmt í máli þessu.

Þann 30. október 1950 ritaði stefnandi sakadómaranum í Reykjavík bréf og kærði þau stefndu og son hennar, Jón Sen, fyrir meint fjársvik gagnvart sér. Taldi hann þar, að hann hefði lánað stefndu kr. 154.000.00. Mál þetta var síðan tekið fyrir í lögreglurétti Reykjavíkur. Í þinghaldi í lögregluréttinum þann 16. nóv. 1950 segir stefnda, að hún treysti sér ekki til að bera á móti því, að stefnandi hafi lánað henni alls til húsa kaupanna kr. 154.000.00, eins og hann telji, og kveðst „hreinlega kannast við, að svo hafi verið.“ Við samprófun þeirra aðiljanna í lögregluréttinum þennan sama dag kveður stefnda það rétt vera, að stefnandi hafi lánað henni þetta fé.

Með skirskotun til þessarar viðurkenningar stefndu verður að telja sannað, að stefnandi hafi lánað kr. 154.000.00, enda hefur hún nú á engan hátt rökstutt, að um lægri fjárhæð hafi verið að ræða.

Það er að visu viðurkennt af stefnanda, að stefnda og börn hennar hafi eitthvað unnið fyrir stefnanda á undanförunum árum, en hann telur að hér hafi verið um smágreiða að ræða, sem hann hafi jafnað með því að inna af hendi ýms störf fyrir stefndu, og hefur mótmælt að skulda nokkuð vegna þessa. Stefnda hefur ekki tilgreint fjárhæð þeirrar kröfu, er hún vill gera á hendur stefnanda vegna þessarar vinnu, og verður því ekki unnt að taka hana hér til greina gegn mótmælum stefnanda.

Með vísan til þessa verður að taka kröfu stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefndu til að greiða honum kr. 154.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er, en þeim hefur eigi verið mótmælt.

Þá ber að staðfesta fyrrgreint löghald.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir öllum málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Framangreint löghald er staðfest.

Stefnda, Oddný Sen, greiði stefnanda, Jóni Dúasyni, kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. desember 1947 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.